

Fundargerð 16. fundar

siðanefndar sambandsins

Árið 2018, föstudaginn 2. nóvember kl. 10:00 kom siðanefnd sambandsins saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Sigurður Kristinsson, Erling Ásgeirsson og Anna G. Björnsdóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Erindi frá Reykjavíkurborg - 1809011SA

Málið varðar beiðni frá forsætisnefnd um almenn tilmæli siðanefndarinnar varðandi það þegar kjörnir fulltrúar gera starfsmenn sveitarfélaga að umtalsefni í opinberri umræðu.

Erindið var rætt. Ákveðið að afgreiða það endanlega annað hvort með tölvupósti á milli nefndarmanna eða á næsta fundi nefndarinnar.

2. Erindi frá Hafnarfjarðarbæ - 1809011SA

Málið varðar umfjöllun kjörins fulltrúa um starfsmann bæjarins og hefur því efnisleg tengsl við erindi Reykjavíkurborgar. Með vísun til þess hefur verið samþykkt að nefndin skoði málið samhliða því.

Erindið var rætt. Ákveðið að afgreiða það endanlega annað hvort með tölvupósti á milli nefndarmanna eða á næsta fundi nefndarinnar.

3. Aðgerðir siðanefndar á nýju kjörtímabili (2018-2022) - 1806010SA

Edanleg tillaga nefndarinnar að uppfærðum leiðbeiningum um gerð siðreglna sveitarfélaga er tekin fyrir á fundinum.

Samþykkt að vísa máliinu til næsta fundar nefndarinnar.

4. Önnur mál - 1806011SA

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi var slitið kl. 12:00



Sigurður Kristinnsson



Erling Ásgeirsson



Anna G. Björnsdóttir